# Námsgrein: Náttúru- og samfélagsgreinar 7. bekkur

*Kennari:* Hildur Eva og Kiddý Hörn

*Tímafjöldi á viku:* 5 klukkustundir.

*Námsefni:* Til grundvallar kennslu verður bókin Náttúrulega 3 eftir Halldóru Lind Guðlaugsdóttur og Ragnheiði Ölmu Snæbjörnsdóttur. Annað efni / ítarefni fundið til / búið til af kennara.

*Kennsluaðferðir og skipulag:* Umræður, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, verkefnavinna og verkleg kennsla. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, vönduð vinnubrögð og góð samskipti. Kennt verður í lotum sem skiptast á milli náttúru- og samfélagsgreina.

*Námsmat*: Símat. Unnin verða ýmis konar verkefni sem og að þátttaka og virkni í kennslustundum fer inn í matið. Mat hæfniviðmiða er birt á Mentor jafnóðum.

## Grunnþættir menntunar

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi | Að nemendur geti lesið í umhverfi sitt og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun. |
| Sjálfbærni | Að skapa náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir. |
| Heilbrigði og velferð | Að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfsmynd nemenda. |
| Lýðræði og mannréttindi | Að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt.<br>Að taka tillit til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu. |
| Jafnrétti | Að hafa jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins eru hafðir að leiðarljósi. |
| Sköpun | Að nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín.<br>Að skapa tækifæri til að miðla verkum til annarra. |

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/ markmið |
|---|---|---|
| **Lota 1**<br>**Fjölbreytt flóra** | Náttúrulega 3 | - lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum<br>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni<br>- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum<br>- lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni<br>- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu<br>- lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi<br>- lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt<br>- útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér |
| **Lota 2**<br>**Kynþroski og erfðafræði** | Náttúrulega 3<br>Ég og sjálfsmyndin | - gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri<br>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum<br>- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans.gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama<br>- lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum<br>- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna<br>- sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt.<br>- rætt hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.<br>- skilið að lífverur erfa einkenni forfeðra sinna. |
| **Lota 3**<br>**Íslandssaga** | Ég og samfélagið<br>Allskonar efni frá kennara. | - fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags.<br>- fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.<br>- útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.<br>- metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. |

| | | |
|---|---|---|
| | | - áttað sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum. |
| **Lota 4**<br>**Sjálfsmyndin og andleg líðan** | Ég og sjálfsmyndin | - lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.<br>- rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir.<br>- geti útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina.<br>- lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska.<br>- gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.<br>- skilji mikilvægi þess að geta talað um líðan sína og vita hvert er hægt að leita eftir hjálp ef þarf |
| **Lota 5**<br>**Orka og auðlindir** | Náttúrulega 3 | - lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum<br>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni<br>- beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið<br>- lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd<br>- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum<br>- lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar<br>- lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra |
| **Lota 6**<br>**Evrópa** | Evrópa | - lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum<br>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni<br>- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum<br>- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort.<br>- varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni.<br>- skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika.<br>- lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands.<br>- nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun.<br>- rætt valin dæmi um tengsl einstaklinga, nær umhverfis og umhverfis mála á heimsvísu. |

| | | |
|---|---|---|
| **Lota 7**<br>*(undirbúningur fyrir leikrit)*<br>**Trúarbrögð og forvarnir** | Ég og samfélagið<br>Allskonar efni frá kennara. | - fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga,<br>- dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði,<br>- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs<br>- gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.<br>- borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks<br>- séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni,<br>- gert grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi, |
| **Lota 8**<br>**Hlýnun jarðar og Jarðsaga** | Náttúrulega 3 | - lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum<br>- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni<br>- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum<br>- skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.<br>- lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands.<br>- lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.<br>- skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi. |